

Nd.

283. Breytingartillögur

við frumv. til laga um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Við 5. gr.

a. Í stað orðsins »kjörstjóra« í síðasta málslið fyrstu málsgreinar komi: kjörstjórn.

b. Á eftir fyrstu málsgrein komi ný málsgrein, er hljóði svo:

Peir kjósendur, sem greiða atkvæði hjá hreppstjóra eða bæjarfógeta í þeim hreppi eða kaupstað, þar sem þeir standa á kjörskrá, og skilja þar eftir brjef með atkvæði sínu, skulu sjálfir láta brjefin í atkvæðakassann.

2. Við 6. gr.

a. Fyrstu málsgrein skal orða svo:

Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar kjörstjórnin umslögin, athugar fylgibrjefin, ber saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsakar, hvort sá, er brjefið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo er, hvort hann hefir greitt atkvæði á kjörstað. Ef svo reynist, að sá, sem brjefið er frá, standi á kjörskrá og hafi eigi greitt atkvæði á kjörstað, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjóсандans á eftirritin af kjörskránni.

b. Síðasta málsgrein fellur niður.